

Skýrsla bæjarstjóra 12. maí 2021

Framkvæmdir

Nú vinna starfsmenn að því hörðum höndum að koma verkefnum sem voru samþykkt í fjárhagsáætlun í framkvæmd. Gangurinn er góður og nú eru flest verkefni komin í ferli. Ég ætla að fara yfir stöðu flestra þeirra hér:

- Víkurbraut 24, framkvæmdir eru nú á lokastigi og er verktakinn að skila af sér á allra næstu dögum. Stefnt er að flutningi í kringum mánaðarmótin en þá munu allir starfsmenn velferðarsviðs verða saman á einum stað um 30 starfsmenn í heildina. Þegar lóðarframkvæmdum verður lokið verður íbúum boðið í heimsókn og húsið verður vígt með formlegri athöfn.
- Hrollaugsstadir. Nú þegar verktakinn, Þingvað ehf, skilar af sér Víkurbraut 24 mun hann hefjast handa í Hrollaugsstöðum. Áætlað er að hægt verði að taka húsið í notkun fyrir áramótin næstu. Búið er að skrifa undir húsaleigusamninga við Vatnajökulshjórðgarð en þjóðgarðurinn mun leigja þrjár íbúðir af sveitarfélaginu og greiðir fyrirfram út leigufé sem fékkst í gegnum átaksverkefni ríkisins vegna Covid, 43 m.kr.
- Mikligarður, nú er utanhúsframkvæmdum lokið og unnið er að hönnun innanhúss og hefjast framkvæmdir þar næsta haust.
- Hofgarður, kostnaðaráætlun liggur fyrir vegna breytinga í skólahúsnæðinu þar sem áætlað er að opna á milli leik- og grunnskólans og endurnýja salerni. Leitað verður eftir tilboðum hjá verktökum en framkvæmdin er ekki útboðsskyld.
- Hafnarbrautin, nú er búið að semja um fyrstu tvo hluta framkvæmdarinnar og mun jarðvegsvinnan hefjast fljótlega. Mikið rask mun fylgja framkvæmdunum enda er um aðalgötu bæjarins að ræða. Samráð verður haft við rekstraraðila og íbúa við Hafnarbrautina vegna skipulags á lokunum o.s.frv. Verkinu mun ljúka í september með malbikun, undirbúningur útboðs á malbiks framkvæmdum er hafinn.
- Í bæjarráði í gær, þriðjudag, var niðurstaða útboðs vegna framkvæmda í Sindrabæ kynnt. Þar barst einungis eitt tilboð sem var vel yfir kostnaðaráætlun og tók bæjarráð ákvörðun um að hafna því. Öll gögn eru tilbúin og því hægt að bjóða út að nýju eftir áramót.
- Nýtt hjúkrunarheimili, hönnun og vinnu við útboðsgögn er nú að fullu lokið og liggur nú ósk um heimild til að auglýsa útboð hjá samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir (SOF). Nefndin fundar fljótlega, framkvæmdin er á fjárlögum og verður vonandi hægt að auglýsa útboðið á næstu 2-3 vikum.


Ársfundir

Ég sat ársfund Stapa lífeyrissjóðs sem haldinn var í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri og honum streymt. Gestir voru allir í netheimum.

Ríki Vatnajökuls (RV) hélt sinn ársfund í síðustu viku og var fundurinn einnig rafrænn. Ágæt mæting var á fundinn, má segja að unnist hafi varnarsigur í rekstri félagsins á erfðasta rekstrarári þess. Sveitarfélagið vann með RV í markaðsmálum á síðasta ári með því að fjármagna markaðsátak sumarsins sem skilaði sér vel til landsmanna sem komu fjölmargir til Hornafjarðar. Nú er áherslan á erlenda

markaðinn en margir verða líklega varir við auglýsingar frá Ríki Vatnajökuls á samfélagsmiðlum, þar birtast reglulega frásagnir og myndir héðan úr sveitarfélaginu. RV hefur unnið stefnumótunarvinnu á árinu þar sem fókusnum er beint á markaðsmálin. Gott samstarf er milli Ferðaðþjónustufélag Austur-Skaftafellssýslu, RV og sveitarfélagið en þessir aðilar funda nú reglulega með formlegum hætti með því markmiði að samþætta áherslur og auka samvinnu allra í greininni.

Ársfundur Náttúrustofu Suðausturlands var haldinn rafrænn en nokkrir komu þó saman á Kirkjubæjarklaustri. Starfsemi stofunnar hefur verið að eflast á undanförunum árum en á stofunni störfuðu starfsmenn í 3,5 stöðugildum á síðasta ári, útlit er fyrir að fjölgað verði töluvert á þessu ári tímabundið enda verkefnastaðan góð. Þess má geta að Náttúrustofan hlaut 8,5 m.kr. styrk úr Loftslagssjóði nú á dögnum til að vinna nýsköpunarverkefni. Markmið verkefnisins er að mæla kolefnisforða á fjórum stöðum, ásamt CO₂ flæði úr þurrlandisjarðvegi í Skaftárhreppi og þannig er hægt að áætla heildarlosun eða bindingu úr völdum vistgerðum með nokkuð góðri vissu. Fyrir þá sem ekki vita eru að jafnað hálf stöðugildi staðsett í Skaftárhreppi en með þessu verkefni verður hægt að auka það í a.m.k. eitt stöðugildi. Ársskýrslu Náttúrustofu Suðausturlands má finna á heimsíðu stofunnar, www.nattsa.is.



Mynd tekin á ársfundi Náttúrustofunnar.

Vatnajökulspjóðgarður, svæðisráð og fyrirmyndar ferðamannastaður.

Það er ávallt mikið um að vera í málefnum þjóðgarðsins. Búið er að uppfæra Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand í samræmi við umsagnir sem bárust og mun stjórn vonandi samþykkja lokaútgáfu á næsta fundi sínum á mánudaginn n.k. Margar umsagnir bárust og var tekið tillit til þeirra við uppfærsluna, ferlið við vinnuna sýnir að almenningur hefur góð tækifæri til að koma sýnum sjónarmiðum á framfæri. Nú er unnið að léttari uppfærslu á heildar stjórnunar- og verndaráætlun fyrir allan þjóðgarðinn og verður vonandi hægt að samþykkja drögin nú á næsta fundi stjórnar. Svæðisráð hefur nú farið yfir valkostagreiningu vegna framtíðarskipulags í Skaftafelli og sent til skipulagsráðgjafa í kjölfar fundarferðar stjórnar og svæðisráðs á þjóðgarðsins í Skaftafelli.

Þær ánægjulegur fréttir voru kynntar á fréttamannafundi sem haldinn var af Þórdísi Kolbrúnu R. Gylfadóttur, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, að Jökulsárlón hefur verið tilnefndur fyrirmyndar áfangastaður ferðamanna – Varða! Jökulsárlón er þá einn af fjórum slíkum stöðum á landinu ásamt Gullfossi, Geysi og Þingvöllum. Vörður eru merkisstaðir á Íslandi sem teljast einstakir á lands- eða heimsvísu. Meginaðdráttarafli þeirra eru náttúrufyribærir og/eða menningarsögulegar minjar sem mynda sérstætt landslag eða landslagsheildir. Tilnefningunni fylgir fjármagn sem verður nýtt strax á þessu ári til innviðauppyggingar. [Hér](#) má sjá frétt um málið.



Sóttvarnir – bólusetningar

Nú eru margir farnir að sjá ljósið á enda þessa langa Covid tímabils. Góður gangur hefur verið í bólusetningum hér á Hornafirði. Nú er verið að bólusetja í Heppuskóla og ráðgert er að bólusetja í Íþróttahúsinu í næstu viku þegar meira magn af bóluefni berst til okkar. Útbreiðsla Covid í Skagafirðinum minnir okkur þó á að við megum ekki verða kærulaus, enn þurfa allir sem finna fyrir flensueinkennum að hafa sambandi við heilsugæsluna þó að þeir hafi mögulega verið bólusettir. Veiran er lúmsk og getur dreift sér þó einstaklingar séu bólusettir. Nú í vikunni tók í gildi ný reglugerð um sóttvarnir sem hafði í för með sér rýmkun og nú geta 50 komið saman. Það þarf þolinmæði og þrautseigju til að halda áfram en það er full ástæða til þess svo við getum farið nokkuð róleg inn í sumarið.

Ferðapjónusta – líf að færast í bæinn

Það er vel sýnilegt að aukin aðsókn er í ferðir til Íslands, nú eru farnir að sjást hér ferðamenn. Úr Skaftafelli fékk ég þær fréttir að um 40 manns voru á tjaldsvæðinu í vikunni og það er greinilega að fjölga þar á svæðinu. Það er að aukast umferð á veitingastaðina og hótelin eru að opna. Mér heyrir ferðapjónustuaðilar vera nokkuð bjartsýnir fyrir sumarið en mér heyrir bókanir vera að berast sér í lagi seinnipart sumars. Sveitarfélagið auglýsti eftir sumarstarfsmönnum sem eru í framhalds- og háskólanámi líkt og við gerðum síðasta sumar en þá vorum við með 14 starfsmenn sem störfuðu hjá sveitarfélaginu. Aðsóknin er mun minni nú sem segir okkur að atvinnuástandið er að lagast.

Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri